



# Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

September 2009 nr. 151

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Njörður Sigurðsson

njordur@hive.is

## HVAÐ ER KREPPA? / HVAD ER DÓMUR SÖGUNNAR?

HÁDEGISFUNDARÖÐ SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS HEFST 22. SEPTEMBER

Hádegisfyrirlestrar Sagnfræðingafélags Íslands hefjast að nýju 22. september nk. Stjórnin auglýsti eftir tillögum að yfirskriftum síðla vors á Gammabrekku. Í kjölfarið spunnust upp umræður um hvort og hvernig sagnfræðingar ættu að láta sig varða samtímaviðburði eins og þá kreppu sem nú ríður yfir landið. Nokkrir þeirra sem tóku þátt í umræðunni gerðu þá kröfu að sagnfræðingar létu sig samtímaviðburði varða og notuðu þá þjálfun sem þeir höfðu öðlast í gegnum nám sitt og rannsóknir til að taka þátt í samfélagsumræðu samtímans. Yfirskriftin *Hvað er kreppa?* hlaut því nokkra hylli meðal þeirra sem tjáðu sig á Gammabrekku.

Þá var bryddað upp á því nýmæli að gefa félagsmönnum kost á að kjósa um þær tillögur sem bárust á vef Sagnfræðingafélagsins, stjórninni til leiðsagnar. Hátt á annað hundrað atkvæði bárust og voru niðurstöður samröma umræðunni á Gammabrekku. *Hvað er kreppa?* hlaut flest atkvæði. Stjórnin valdi því að setja kreppu á dagskrá haustmíssis og gera hádegisfyrirlestrana þannig að vettvangi þeirrar samfélagsumræðu sem félagar óska eftir. Gripið var til þess ráðs að skilgreina kreppu vítt en stjórnsmál og efnahagsmál eiga þó stærstan sessinn á haustdagskránni. Þar er þó einnig að finna erindi um ímyndarkreppu og matarmenningu á krepputímum.

Á vormisseri verður breytt um stefnu og litið inn á við. Yfirskrift vormisserisins verður *Hvað er dómur sögunnar?* og af því tilefni munu nokkrir af okkar virtustu fræðimönnum á sviði sagnfræði og annarra fræðigreina fjalla um hvernig hið illskilgreinda fyrirbæri *dómur sögunnar* hefur leikið viðfangsefni þeirra. Sjónum er því áfram beint að samfélagsumræðu en um leið inn á við þar sem hlutverk sagnfræðinga við „dómnefndarstörfin“ verður einnig tekið til umfjöllunar. Sigurður Gylfi Magnússon opnar dagskrá vormisseris þann 19. janúar í erindi þar sem hann heldur því fram að dómur sögunnar sé alltaf rangur. Í kjölfarið verður hugað að eftirmælum þriggja sögufrægra einstaklinga, tækninýjunga á 18. öld, víkinga og

braggahverfa. Þessa dagskrá ætti enginn sagnfræðingur að láta framhjá sér fara.

Stjórnin ákvað að hefja hádegisfyrirlestraröðina á nokkuð óvenjulegan hátt að þessu sinni. Undanfarin ár hefur tíðkast að fá þekktan einstakling úr þjóðlífinu til að setja hádegisfyrirlestraröðina, gjarnan stjórnsmálmann. Í þetta sinn er Katrínú Jakobsdóttur menntamálaráðherra boðið að halda erindi við opnunina en hún mun ekki njóta óskiptar athygli. Henni verður boðið til stefnumóts með sagnfræðingum og öðru hugvísindafólki á stuttu málþingi sem haldið verður í hádeginu 22. september og mun marka upphaf hádegisfyrirlestrana þetta árið. Aðrir þátttakendur verða Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar og Íris Ellenberger formaður Sagnfræðingafélagsins.

Titill ráðstefnunnar verður *Hugvísindi á krepputímum. Staða, hlutverk og sóknarfæri*. Menntamálaráðherra mun opna málþingið með stuttu erindi. Því næst munu Viðar og Íris fara yfir stöðu hugvísinda í dag í ljósi þeirrar menntastefnu sem hefur ríkt á undanförunum árum þar sem tengsl við atvinnulífið og „hlutgerving“ rannsóknarniðurstöðna hafa gert það að verkum að hugvísindi hafa reynst lítt samkeppnishæf innan þess þrönga ramma sem vísindum hefur verið afmarkaður. Spurningin sem brennur á allra vörum nú er hvort hugvísindin þurfi að gjalda með niðurskurði fyrir skipbrot þeirrar útrásar og þenslu sem þau græddu mjög takmarkað á. Eða á að taka tillit til þeirrar sérstöðu hugvísinda að þau eru, eða eiga að vera, vettvangur þeirrar samfélagsumræðu sem gerir samfélaginu kleift að takast á við það margþætta hrun bankakerfis, hugmyndafræði, heimsmyndar og siðferðis sem átti sér stað á haustdögum 2008. Málþingið verður með hefðbundnum hætti. Hver frummælandi flytur 10 mínútna erindi og því næst verður opnað fyrir spurningar. Stjórn Sagnfræðingafélagsins hvetur alla félagsmenn, sagnfræðinga og hugvísindafólk til að mæta á málþingið og ræða við menntamálaráðherra um stöðu, hlutverk og framtíð hugvísinda á Íslandi.

Íris Ellenberger, formaður

---

## HVAÐ ER KREPPA? / HVAÐ ER DÓMUR SÖGUNNAR? DAGSKRÁ HÁDEGISFUNDA VETURARINS 2009-2010

---

### 2009 - Hvað er kreppa?

22. september

Málfundur: *Hugvísindi á krepputímum. Staða, hlutverk og sóknarfæri*

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra

Viðar Hreinsson framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar

Íris Ellenberger formaður Sagnfræðingafélagsins

6. október

Sólveig Ólafsdóttir: *Íslenskur kreppukostur*

20. október

Skúli Sæland: *Ímyndarkreppa Skálholts og viðreisn þess um miðja síðustu öld*

3. nóvember

Sigrún Davíðsdóttir: *Kreppan og kunningjafjöðfélagið*

17. nóvember

Guðmundur Jónsson: *Velferðarríkið og efnahagskreppur á Íslandi*

1. desember

Guðmundur Hálfðanarson: *Er íslenskt fullveldi í kreppu?*

### 2010 - Hvað er dómur sögunnar?

19. janúar

Sigurður Gylfi Magnússon: *Dómur sögunnar er ævinlega rangur!*

2. febrúar

Úlfar Bragason: *„Útlent vald oss yfir dynur – Ísland hefur jar!“ eftirmæli Gissurar Þorvaldssonar*

16. febrúar

Jón Yngvi Jóhannsson: *„Eg var ekki falur neinu valdi“. Gunnar Gunnarsson og dómur sögunnar*

2. mars

Hrefna Róbertsdóttir: *Gamall eða nýr tími á 18. öld?*

16. mars

Katla Kjartansdóttir: *Vandræðalegir víkingar. Ímynd, arfur og tilfinningar*

30. mars

Eggert Þór Bernharðsson: *Dómi snúið? Viðhorf til braggasögunnar*

13. apríl

Guðni Th. Jóhannesson: *Gunnar Thoroddsen og dómur sögunnar*

---

Hádegisfundirnir eru í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands og standa á milli 12:05 og 13:00

---

---

## RÁÐSTEFNAN HUGVÍSINDI Á KREPPUPTÍMUM - STAÐA, HLUTVERK OG SÓKNARFÆRI

---

Þann 22. september nk. heldur Sagnfræðingafélag Íslands ráðstefnuna *Hugvísindi á kreppu- tímum. Staða, hlutverk og sóknarfæri* með þátt- töku Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra, Viðars Hreinssonar framkvæmdastjóra Reykja- víkurAkademíunnar og Írisar Ellenberger for- manns Sagnfræðingafélagsins. Stefán Pálsson verður fundarstjóri. Ráðstefnan mun opna hina árlegu hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðinga- félagsins en yfirskrift haustmisseris er *Hvað er kreppa?*

Ástæða þess að Sagnfræðingafélagið kys að opna hádegisfyrirlestrana með ofangreindri ráðstefnu er að sjálfsögðu sú efnahagskreppa sem nú ríkir. Allar stéttir eru uggandi yfir niðurskurðinum framundan. Sá ótti er þó e.t.v. nokkuð annars eðlis innan hugvísindanna þar eð fræðasviðið naut ekki góðs af hagsæld síðasta áratugar til jafns við aðrar greinar. Gríðarleg áhersla hefur verið lögð á tengsl fræða við atvinnulífið og ekki er laust við að styrkjakerfi landsins hafi hyglt rannsóknnum sem framleiða niðurstöður í formi einhvers konar vöru eða úrlausna sem nýta má í þjónustu atvinnulífsins eða stjórnkerfisins. Þótt kerfið hafi að einhverju leyti komið til móts við eðli hugvísinda á allra síðustu árum er ekki laust við að ofangreindar áherslur hafi ýtt hugvísindum út á jaðarinn, enda eru tengingar fræðasviðsins við atvinnulífið ekki augljósar og niðurstöður sjaldnast á óskaformi styrkjakerfisins.

Því eru ýmsar þeirra spurninga sem brenna á hug- vísindafólki um þessar mundir tengdar samdrætti

og hagræðingu í menntakerfinu. Hugvísindafólk spyr sig nú: Verða styrkjaáherslur nýfrjáls- hyggjunnar enn við lýði eða verður tekin meðvituð ákvörðun um að breyta ríkjandi stefnu? Mun yfirvofandi niðurskurður bitna jafnharka- lega á hugvísindum og öðrum fræðasviðum, jafn- vel þótt hagsæld síðustu ára hafi skilað sér í tak- markaðra mæli til hugvísinda en annarra greina? Er e.t.v., þvert á móti, ástæða til að efla hugvís- indi þar sem það er þeirra hlutverk að skapa þá umræðu og þær hugmyndir sem þarf til að takast á við og skilja það hrun hagkerfis, hugmynda- fræði, heimsmyndar, siðferðis og gilda sem er að eiga sér stað? Einnig mætti spyrja hvort öflug hugvísindi geti ekki lagt lið nýrri uppbyggingu, uppbyggingu hins skapandi samfélags.

Á ráðstefnunni *Hugvísindi á kreppu- tímum* verður hugvísindafólki boðið til beinnar samræðu við menntamálaráðherra. Að loknum stuttum erindum frá frummælendunum þremur verður orðið gefið laust. Gestum gefst þar tækifæri á að varpa fram spurningum og athugasemdum til frummælenda. Þannig skapast vonandi frjó um- ræða þar sem gestir ásamt fulltrúum ríkis og fræðasamfélags ræða saman um stöðu hugvísinda í nútíð og framtíð.

Málþingið hefst kl. 12.05 og verður í þetta sinn gefinn rúmur tími fyrir spurningar svo verið gæti að þessi hádegisstund standi lengur en til kl. 13.

Íris Ellenberger, formaður

---

## SKEMMTIFERÐ Í BORGARNES

---

Laugardaginn 9. maí sl. brá hópur félagsmanna Sagnfræðingafélagsins undir sig betri fætinum, steig inn í rútu og hélt vestur í Borgarfjörð. Ferð- inni var heitið á Landnámssetrið í Borgarnesi til að snæða ljúffengan kvöldverð í góðum félags- skap og sjá leiksýningu.

Ferðin þótti takast með mestu ágætum. Ragnar Kjartansson forstöðumaður Landnámsseturs tók á móti gestum og sagði frá uppbygginu setursins og metnaðarfullum framtíðaráformum. Góður rómur var gerður að þeim veitingum sem í boði voru, hvort heldur það var hlaðborð eða Súpa seiðkonunnar. Að loknum kvöldverði var haldið á Söguloftið að sjá sýningu, eða leikþátt Einars

Kárasonar, er nefnist *Stormar og styrjaldir* og fjallar um atburði Sturlungaaldar. Einar kemur fram sem sögumaður og byggir efnið á bókum sínum um atburði þessa tímabils, *Óvinafagnaði* og *Ofsa*. Skáldið var í essinu sínu þetta kvöld og rakti atburðarás deilna og mannvíga á sinn hátt og lét það ekki trufla sig þó svo að sérfræðingur á sviði fæðardeilna fyrir 1700 sæti á fremsta bekk og hlustaði af athygli eftir hverju orði. Var það mál manna, að ferðir og samkomur af þessum toga væru æskilegur þáttur í félagsstarfi Sagn- fræðingafélagsins og að félagsmenn ættu að vera vakandi fyrir slíkum viðburðum og fjölmenna á þá.

Guðbrandur Benediktsson

**Arendt, Hannah: *Eichmann in Jerusalem. A Report on the Banality of Evil.* New York 1963**

Þessi stutta hugleiðing er samin fyrir áeggjan ritstjóra Fréttabréfs Sagnfræðingafélagsins. Hugmyndin er að fá sagnfræðing til þess að skrifa stutta grein um sína uppáhaldsbók í þeirri viðleitni að auka við og efla fréttabréfið, félagsmönnum til yndis og ánægju. Ætlunin er ekki að ritdæma eða gagnrýna heldur að kynna félagsmönnum áhugaverð rit.

Þegar ég leit yfir fátæklega bókaskápa heimilisins og velti fyrir mér hvaða bók ég átti að draga út, vandaðist málið enda mörg rit sem komu til greina, en að sama skapi margar bækur sem gerðu það ekki! Að lokum staðnæmdu ég við illa útleikið eintak, útkrotað og slitið af bókinni: *Eichmann in Jerusalem. A Report on the Banality of Evil*, eftir Hönnu Arendt. Bók sem ég hesthúsaði þegar ég var að skrifa B.A.-ritgerðina fyrir um tíu árum, en hef lítið flett, hvað þá lesið síðan. Ég man hvað bókina hafði mikil áhrif á mig á sínum tíma enda nánast hver einasta spássía útkrotuð með athugasemdum.

Handtaka Adolfs Eichmann árið 1960 og síðar réttarhöldin yfir honum árið eftir vöktu heimsathygli. Bandaríska tímaritið *The New Yorker* ætlaði ekki að vera eftirbátur annarra fjölmiðla og fékk þýska stjórn málaheimspekinginn Hönnu Arendt til þess að fjalla um þau á síðum sínum. Þegar þau voru yfirstaðin dró hún skrif og hugleiðingar sínar um þau saman og gaf út í bókformi. Arendt var þýskur gyðingur, fædd árið 1906. Hún stundaði nám í heimspeki m.a. undir leiðsögn Martins Heidegger og Karls Jaspers. Hún átti í ástarsambandi við þann fyrrnefnda sem mikið hefur verið skrifað um en Heidegger varð síðar mjög hallur undir nasisma. Arendt flúði Þýskaland nasismans árið 1933 og settist að í Bandaríkjunum þar sem frægðarsól hennar reis hátt og varð hún einn af áhrifamestu fræðimönnum 20. aldarinnar á sviði pólitískrar hugmyndafræði. Sér í lagi eftir útgáfu bókanna: *The Origin of Totalitarianism* árið 1951 og *The Human Condition* árið 1958.

*Eichmann in Jerusalem* vakti strax mikla athygli

og jafnvel reiði þegar hún kom út. Ekki síst vegna ásakana um hlut gyðinga sjálfra í helförinni sem Arendt taldi saksóknara líta framhjá. Ég ætla ekki að hætta mér út í þá sálma hér eða þá umræðu sem hefur verið um bókina. En minnst þó á að margir hafa gagnrýnt hana fyrir ónákvæmni og slæleg vinnubrögð en einnig fyrir að draga úr hlut manna á borð við Eichmann í helförinni. Hins vegar tók Arendt það skýrt fram að ætlun hennar var ekki að fjalla um sögu helfararinnar, því síður alræðis eða þýsku þjóðarinnar. Það sem Arendt tók sér fyrir hendur var að fjalla um réttarhöldin yfir Eichmann: hvernig þau fóru fram, á hvaða forsendum Eichmann var dæmdur og hvaða undirliggjandi ástæður voru að baki ákvörðuninni um að halda réttarhöldin í Jerúsalem. Hins vegar var ekki hjá því komist að fjalla um persónu Eichmanns og velta fyrir sér hverskonar manngerð hann var. Vandamálið var að mati Arendt að Eichmann, eins og hann og hans líkar, þ.e. embættismenn sem tóku þátt í og stuðluðu að helförinni, voru hvorki haldnir kvalalosta eða pervitisma heldur þvert á móti voru þeir „hræðilega“ venjulegir! Þessi tegund glæpamanna, svokallaðir óvinir mannkyns (*hostis humani generis*) voru sekir um hrikalegustu glæpi mannkynssögunnar. Að mati Arendt gátu þeir á sama tíma og glæpirnir voru framdir, illa gert sér grein fyrir glæpum sínum, (vildu ekki horfast í augu við glæpina eða litu meðvitað í aðra átt) sökum þess að það umhverfi sem þeir hrærðust í (stjórnkerfi Þriðja ríkisins) leit öðrum augum á athafnir þeirra, taldi þær hvorki rangar eða ósiðlegar! Í því samhengi varpaði hún fram spurningunni hvort einhverjir þeirra hefðu orðið þjakaðir af samviskubiti hefði Þýskaland unnið stríðið? Við þeirri spurningu er vitaskuld ekkert vísindalegt svar, en hún er eigi að síður áhuga-verð í því ljósi að oft á tíðum skrifa sigurvegarar söguna. Hugtakið *the banality of evil* („lágkúra illskunnar“, er lítt hugsuð tilraun til þýðingar á hugtakiinu) sem Arendt smíðaði um menn eins og Eichmann, var ekki hugsuð til annars en að rífa niður hina menningarlegu og pólitískt-skaðlegu ímynd Hitlerismans, þ.e. þann skugga sem Arendt taldi persónu Hitlers varpa yfir allar hugmyndir manna um helförina og stjórnkerfi Þriðja ríkisins. En ekki til að draga úr glæpum þeirra sem sátu lægra í stigveldi Þriðja ríkisins. Enda

---

## BÓKIN

---

taldi hún að með því að skoða hina venjulegu þátttakendur væri betur hægt að skilja hvernig og hvers vegna milljónir manna tóku þátt í nasismanum?

Sú staðreynd að erfitt var að mála aðra mynd af Eichmann en þá að hann hafi verið einfeldningur (fyrirverandi ryksugusólumaður) gerði bæði laga- og siðferðislega hugmyndakerfi sem vestrænt réttarkerfi byggir á erfitt um vik að gera upp á milli sakleysis og sektar. Enda er það einn af grundvallarþáttum réttarríkisins að það gerir greinarmun á ásetningsbrotum og öðrum brotum. Arendt taldi þó alls ekki að dómurinn hafi verið óréttlátur eða það hafi verið rangt að rétta yfir Eichmann í Jerúsalem. Hún var einungis að benda á hve erfitt það væri laga- og siðferðislega að takast á við grimmdarverk af þeirri stærðargráðu sem útrýming gyðinga var. Dómstólar væru varla nógu burðug tæki til þess dæma í slíkum málum. Enda væri í grunninn verið að takast á við eina af stærstu siðferðisspurningum allra tíma: hvert eigi að vera eðli mannglegra ákvarðana? Var það sannað að Eichmann vildi drepa alla gyðinga? Hefði hann ekki getað lagt allt eins hart að sér við það að flytja gyðinga úr landi eins og að flytja þá í útrýmingarbúðir, ef sú skipun hefði legið fyrir? Gat hann eða vildi taka einhverja aðra ákvörðun en að gera það sem ætlast var til af honum? Saksofnarinn í Jerúsalem lagði mikla áherslu á að sanna að Eichmann hafi verið fanatískur gyðingahatari, „skrímsli“, en þá greiningu taldi Arendt ekki vera rétta og hélt því fram að í raun væri erfitt líta framhjá því að Eichmann hefði í raun verið einhverskonar „trúður“ (svo notuð séu hennar orð). En eitt var hins vegar öruggt, hann hreyfði aldrei mótmælum eða neitaði að fara eftir skipunum, ef eitthvað var, þá vann hann sína vinnu af miklum áhuga. En það sama má eflaust segja um hundruð þúsunda þýskra embættis- og hermanna sem tóku þátt í helförinni.

Spurningin um sameiginlega sekt var að mati Arendt vandmeðfarin og draga mætti í efa að slík

sekt/sakleysi væri í raun til? Hún benti hins vegar réttilega á að til væri hugmynd um pólitíska ábyrgð en taldi ólíklegt að hún ætti heima í dóm-sal. Enda væru þeir hugsaðir til þess að takast á við sekt og sakleysi einstaklinga en ekki hópa eða þjóða. Önnur úrræði þyrfti til þess að takast á við slík vandamál.

Það sem hér að ofan hefur verið ritað skal taka með miklum fyrirvara enda er það byggt á fljótlegri yfirferð á texta bókarinnar og glósum fákunnandi B.A.-nema frá því fyrir um tíu árum. Enda er það ekki ætlunin með þessari stuttu rit-smíð að gera bókinni eða hugmyndum Arendt fullkomin skil. Heldur hitt að rekja efni hennar í fáum orðum og útskýra það sem varð þess valdandi að bókin og efni hennar hafði áhrif á mig. Í stuttu máli leiddi hún mig til þess að íhuga vandlega hið stóra sögulega vandamál sem hugtökin „rétt“ og „rangt“ valda í dómum okkar um söguna eða sögulega atburði. Hún opnaði hug minn fyrir því að til þess að skilja það (og læra af því) sem á undan hefur gengið þarf sagnfræðingurinn að bíða með að kveða upp sinn dóm, reyna eftir fremsta megni að skilja umhverfi og hugmyndir þess tíma sem til umfjöllunar er enda kann sá dómur að byggja á okkar eigin fordómum og forsníðinni söguskoðun. Að mínu mati þurfum við t.a.m. að skoða okkar eigin hugmyndir um „rétt“ og „rangt“ áður en við leggjumst í að skoða þessar sömu hugmyndir í fortíðinni. Ég er alls ekki að hvetja til þess að sagnfræðingar láti af eigin dómum um söguna, atburði eða persónur heldur hitt að þeir íhugi vel og lengi og skilji á hvaða samtímasjónarmiðum þeirra eigin skoðanir séu byggðar. Við eigum að passa okkur á því að umgangast fortíðina eins og kennari sem skammar skólabörn fyrir fákunnáttu þeirra, þar sem hann einn veit betur. Við sem höfum „staðreyndir“ samtímans á hreinu eða höldum það, eigum að fara hægt í sakirnar að færa þær yfir á fortíðina. Þó svo að við teljum okkur vita úrslit leiksins þá segir það ekkert um það hvort við gætum eða hefðum spilað hann!

Valur Freyr Steinarsson

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands, er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

---

## STRANDHÖGG - FERÐASAGA FRÁ LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNU

---

Einn föstudagseftirmiðdag um miðjan júní sl. söfnuðust 60 vaskir sagnfræðingar og þjóðfræðingar saman við Þjóðarbóklöðuna með þjónkur sínar og pinkla. Tilgangurinn var helgarferð á Strandir dagana 12.-14. júní á ráðstefnuna *Strandhögg* sem haldin var af Sagnfræðingafélagi Íslands og Félagi Þjóðfræðinga á Íslandi í samvinnu við Þjóðfræðistofu á Hólmavík og Reykjavíkur-Akademíuna. Ráðstefnan var framhald af hinum árlegu landsbyggðarráðstefnum sagnfræðinga og þjóðfræðinga sem haldnar voru ár hvert á árunum 1998-2007. Sem fyrr var hún haldin í samráði við heimamenn sem voru ómissandi við að setja saman þá metnaðarfullu dagskrá sem fylgt var um helgina.

Að kvöldi föstudags var komið í Sauðfjársetrið í Steingrímsfirði þar sem heimamenn tóku á móti okkur með dýrindis grillveislu með kjöti úr héraði. Að loknum mat fræddi Viðar Hreinsson gesti um upprisu íslensku sauðkindarinnar og héldu gestir síðan til næturstaðar, víðs vegar um Steingrímsfjörð.

Að morgni laugardags hófst landsbyggðarráðstefnan sjálf. Sú var með nokkuð ólíku sniði en fyrri ráðstefnur. Gripið var til þess ráðs að fækka fyrirlesurum en bjóða þess í stað upp á vettvangsferð þar sem erindi voru haldin í nágrenni þeirra staða sem efnið fjallaði um. Meðan á ferðinni stóð nutum við leiðsagnar Magnúsar Rafnssonar og Rakelar Valgeirsdóttur, tveggja valinkunnra þjóðfræðinga og heimamanna.

Fyrst var haldið upp að Selkollusteini á Bassastaðahálsi þar sem Gunnvör Karlsdóttir íslenskufræðingur las í þjóðsögur af óvættinni Selkollu, andstæðingi Guðmundar biskups góða. Því næst var haldið að Klúku þar sem gestum bauðst að skoða kotbýli kuklarans. Magnús Rafnsson þjóðfræðingur spjallaði um sýninguna við gesti meðan þeir sleiktu sólina í brekkunni við býlið. Magnús hélt áfram máli sínu við Eyjar í Bjarnarfirði og fjallaði um fornleifauppgröft í eyjunum sem sýna fram á hvalveiðar Baska í firðinum sem var leynt fyrir konungi, að öllum líkindum í samráði við heimamenn.

Djúpavík var næsti áfangastaður en þar snæddu gestir hádegisverð undir hugleiðingum Guðbrands Benediktssonar sagnfræðings um miðlun sögu, viðhorf til fortíðarinnar og söguskoðun. Þá gafst gestum færi á að skoða sig um og heimsækja lista-

sýningu í síldarverksmiðjunni. Því næst var haldið út að Gjögri þar sem hópurinn stillti sér upp í blíðskaparveðri á bryggjunni meðan Sigurður Gylfi Magnússon greindi frá óvæntum endalokum á einsögurannsókn sinni á bræðrunum Halldóri og Níelsi Jónssonum. Þá var keyrt út að Stóru Ávík í Trékyllisvík þar sem Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur hélt erindi um fjölkunnuga lærdómsmanninn Jón lærða ábúanda þar við upphaf 17. aldar.

Ráðstefnugestir fóru síðan fótgangandi að næsta áfangastað, Kistunni í Trékyllisvík. Þar steig Sigurður Gylfi Magnússon á stökk á ný og flutti erindi Más Jónssonar sem hafði því miður forfallast í aðdraganda ráðstefnunnar. Þar hélt Már því fram að ónægar heimildir séu fyrir því að aftaka tveggja manna sem dæmdir voru sem galdramenn árið 1654 hafi farið fram við Kistuna. Heimamenn létu ekki sannfærast og var rökrætt af nokkrum hita við hinn umdeilda aftökustað.

Því næst var brunað upp í Krossneslaug þar sem ráðstefnugestir stungu sér til sunds meðan Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur hélt erindi um hugmyndina um Norðrið. Sumir stóðust ekki mátið heldur klöngruðust yfir grýtta ströndina og æfðu sjósundið. Þá var haldið til baka í áttina að Djúpavík og stoppað við Kört. Þar hélt Rakel Valgeirsdóttir erindi um álagabletti í Árneshreppi og viðhorf heimamanna til þeirra. Gestum bauðst að skoða minjasafnið sem helgað er handverki og fjárfesta í forlata munum úr héraði. Þá var ekið á Hótel Djúpavík þar sem heimilislegur hátíðarkvöldverður var snæddur. Ræðumaður kvöldsins var Jón Jónsson þjóðfræðingur. Þá voru forsprakkar fyrstu landsbyggðarráðstefnunnar heiðraðir sérstaklega en það voru þau Andrea Harðardóttir, Jón Jónsson, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Sigurður Gylfi Magnússon. Kvöldinu lauk svo með söng undir gítarleik Tinnu Ásgeirsdóttur áður en gestir dreifðust á náttstaði um gjörvallan Árneshrepp.

Að morgni sunnudagsins 14. júní var haldið á ný til Hólmavíkur þar sem snæddur var hádegisverður á Café Riis. Þá lá leiðin yfir í Braggann, gamalt kvikmyndahús sem þjónaði sem ráðstefnusalur dagsins fyrir opna málstofu með valinkunnum fræðimönnum undir fundarstjórn Kötlu Kjartansdóttur þjóðfræðings. Guðrún Ása Grímsdóttir reið á vaðið með erindi um hlunnindi á Ströndum og viðbrögð heimamanna við banni

---

## STRANDHÖGG - FERÐASAGA FRÁ LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNU

---

við nytjum á þeim á 17. öld. Þá flutti Jón Jónsson erindi um birtingarmynd förumanna í Þjóðháttalýsingum Strandakvenna á 19. öld. Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfræðingur fjallaði um Hið íslenska reðasafn sem afsprengi menningar-  
pólítíkur nýfrjálshyggjunnar. Kristinn Schram Þjóðfræðingur hélt erindi um íroníu og markaðs-  
setningu útrásarvíkinga á íslenskum fyrirtækjum og íslenskri Þjóð. Loks fjallaði Bryndís Björg-  
vinsdóttir Þjóðfræðingur um merkingu hefða og melankólíu á þorablóti Kvenfélags Bolvíkinga.

Að ráðstefnunni lokinni voru allir á einu máli um að hún hefði tekist framur vonum og að sú áhætta

sem fólst í að halda ráðstefnu að mestu utandyra hefði margfalt borgað sig með því blíðskapar-  
veðri sem við fengum þessa helgi. Stjórnir félag-  
anna eflust jafnframt í þeirri trú að lands-  
byggðarráðstefnur mættu ekki niður falla og eru  
staðráðnar í að halda þeim áfram á næstu árum.  
Félagið þakkar öllum þeim einstaklingum sem  
tóku þátt í ráðstefnunni og lögðu hönd á plóginn  
til að hún mætti heppnast sem best kærlega fyrir  
samveruna og samvinnuna.

Íris Ellenberger og Guðbrandur Benediktsson

---

## ÚR STARFI FÉLAGSINS

---

### Hugmyndir að breyttu Fréttabréfi

Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands hefur nú verið gefið út í rúman aldarfjórðung, en það leit fyrst ljós í nóvember 1983. Allan þann tíma hefur Fréttabréfið flutt fréttir og tilkynningar úr starfi félagsins ásamt öðrum fróðleik er varðar sagn-  
fræði og sagnfræðinga. Í nokkurn tíma hefur Sagnfræðingafélagið jafnframt rekið vefsíðu þar sem einnig eru birtar fréttir og tilkynningar úr starfinu, ásamt öðrum upplýsingum, s.s. hljóð-  
skráum frá hádegisfundum. Vefsíða félagsins ásamt tölvupóstlistanum Gammabrekku eru þær gáttir sem flestir félagsmenn nota til þess kynna sér viðburði og aðra starfsemi á vegum Sagn-  
fræðingafélagsins. Stjórn félagsins hefur því rætt hvort ekki ætti að breyta fréttabréfinu með tilliti til þessa, og að það verði fremur nýtt sem vett-  
vangur til þess að beina sjónum inn á við í sagn-  
fræðinni með stuttum greinum um hugðarefni félagsmanna í fræðunum hverju sinni. Frétta-  
bréfið verði þannig áfram til þess að styrkja tengsl og efla liðsanda meðal félagsmanna, eins og markmið útgáfu þess voru í upphafi.

Í síðustu tölublöðum hafa birst nokkrar greinar um fræðin eftir sagnfræðinga og í þessu blaði birtist jafnframt grein eftir Val Frey Steinarsson, gjaldkera Sagnfræðingafélagsins, um þá fræðibók sem hefur haft mest áhrif á hann sem sagnfræð-  
ing. Slíkar greinar gætu jafnvel orðið að föstum liðum í fréttabréfinu.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands leitar nú til félagsmanna eftir hugmyndum að efni í fréttabréfið, t.d. um efnistösk, á að hafa fasta dálka í blaðinu um ákveðin efni o.s.frv. Hugmyndir má senda í tölvupósti til ritstjóra fréttabréfsins á

tölvupóstfangið [njordur@hive.is](mailto:njordur@hive.is) eða nýta Gammabrekku sem umræðuvettvang.

Njörður Sigurðsson, ritstjóri Fréttabréfs

### Eldri Fréttabréf á vef Sagnfræðingafélagsins

Stefnt er að því að skanna inn eldri Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands og gera þau aðgengi-  
leg á vef félagsins, [www.sagnfraedingafelag.net](http://www.sagnfraedingafelag.net). Fréttabréfið hefur verið gefið út í rúman aldar-  
fjórðung og er þar að finna miklar heimildir um sögu félagsins auk fjölda greina um hugðarefni sagnfræðinga á hverjum tíma.

Nú þegar eru fréttabréf frá 2003-2009 aðgengileg á vef félagsins. Vonast er til þess að hluti fréttabréfanna verði kominn á vefinn á næstu mánuðum og að öll tölublöðin verði komin á vef-  
inn á 40 ára afmæli félagsins á næsta ári. Með þessu tölublaði eru fréttabréfin orðin 151 að tölu og því tekur eðlilega nokkurn tíma að koma þeim yfir á tölvutækt form.

### Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga

Á aðalfundi sínum kýs Sagnfræðingafélag Íslands tvo fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagn-  
fræðinga en aðrir sem eiga fulltrúa í nefndinni eru Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Þjóð-  
skjalasafn Íslands. Nefndin var sett á laggirnar árið 1986 og er ætlað að annast erlend samskipti sagnfræðinga, þar á meðal þátttöku í alþjóðlegum ráðstefnum, s.s. norræna sagnfræðipinginu og heimsþingi sagnfræðinga.

---

**WWW.SOGUSLODIR.HI.IS**

---

---

## FRÁ AÐALFUNDI 2009

---

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands var haldinn í húsi Sögufélags laugardaginn 21. mars sl. og hófst fundur kl. 16. Á fundinum voru venjuleg aðalfundarstörf undir öruggri fundarstjórn Ólafar Garðarsdóttur. Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla formanns, Írisar Ellenberger, yfir starfsemi félagsins síðasta ár. Formaður fór yfir helstu viðburði félagsins og verkefni stjórnar. M.a. var fjallað um velheppnaða hádegisfyrirlestra, þrjá félagsfundi sem haldnir voru, sögugöngu sem félagið stóð fyrir í fyrsta skipti, og hugmyndir eru að verði að árlegum viðburði, og þátttöku félagsins í ráðstefnunni Af hlaðborði aldarinnar. Þá sendi stjórn félagsins frá sér tvær ályktanir á starfsárinu og gaf umsagnir til Alþingis um tvö lagafrumvörp. Ársskýrslan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt einróma. Skýrslu formanns má lesa í heild sinni á vef Sagnfræðingafélagsins, [www.sagnfraedingafelag.net](http://www.sagnfraedingafelag.net).

Valur Freyr Steinarsson, gjaldkeri, lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og gerði grein fyrir ársreikningi. Uppsetning og frágangur ársreiknings vakti lukku fundargesta og gat annar endurskoðandi reikninga, Gísli Gunnarsson, að hann hefði aldrei séð jafn vel staðið að ársreikningi félagsins. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir einróma. Ársreikninga félagsins má jafnframt nálgast á vef félagsins.

Engar tillögur að lagabreytingum bárust og því eru lög félagsins óbreytt.

Breyting varð á stjórn félagsins. Unnur María Bergsveinsdóttir, sem gengt hefur embætti vefstjóra, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Í hennar stað var kosinn í stjórn Karl Jóhann Garðarsson, framhaldsskólakennari. Formaður og aðrir stjórnarmenn gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Gísli Gunnarsson og Sesselja Magnúsdóttir gáfu bæði kost á sér áfram sem endurskoðendur reikninga félagsins og var það samþykkt einróma. Landsnefnd sagnfræðinga verður jafnframt óbreytt næsta árið en þar sitja Halldór Bjarnason og Sigrún Sigurðardóttir. Ákveðið var að árgjald yrði óbreytt.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var flutt fræðsluerindi en það hefur verið fastur liður á dagskrá aðalfundar undanfarin ár. Að þessu sinni flutti Ragnheiður Kristjánsdóttir nýdoktor í sagnfræði erindi sem hún nefndi *Íslenskur kommúnismi?* Góður rómur var gerður að erindi Ragnheiðar og urðu nokkrar umræður. Fundargestir þáðu léttar veitingar í boði félagsins í fundarlok. Var svo haldið á veitingahús í miðbænum og snæddur þar kvöldverður.

### Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands 2009-2010

Íris Ellenberger, formaður  
Guðbrandur Benediktsson, varaformaður  
Þórunn Guðmundsdóttir, ritari  
Valur Freyr Steinarsson, gjaldkeri  
Njörður Sigurðsson, ritstjóri fréttabréfs  
Karl Jóhann Garðarsson, vefstjóri  
Brynhildur Einarsdóttir, meðstjórnandi

---

## SÖGUFÉLAG ÁRNESINGA - VÖKULOK GUÐJÓNS ÓLAFSSONAR

---

Sögufélag Árnésinga leggur nú lokahönd á útgáfu handritsins *Vökulok* eftir Guðjón Ólafsson. Það hefur að geyma skemmtilegar mann- og þjóðlífslýsingar úr Árnæssýslu og Rangárvallasýslu frá 18. og 19. öld. Elstu málefni sem greint er frá eru sögur af Jóni Brynjólfssyni sem bjó á Hlíðarenda og seinna á Barkarstöðum í Fljótshlíð, sonarsonur Þórðar Þorlákssonar biskups. Um Jón má segja að hann sé íslenska útgáfan af úrkynjuðum aðalsmanni sem fæddur var með silfurskeið í munni. Einnig eru þar sögur af prestum, einn þeirra er séra Jakob Árnason prestur í Gaulverjabæ og prófastur, dáinn 1855, en um hann gengu margar sögur. Annar er séra Magnús Einarsson á Butru

í Fljótshlíð, dáinn 1781, sem vann sér það helst til frægðar að iðka kvennarán. Þá eru athyglisverðar frásagnir Guðjóns af kirkjusíðum á Keldum á 19. öld, klæðaburði fólks um miðja 19. öldina og hjátrú í Árnæssýslu á síðasta fjórðungi þeirrar aldar.

Bókin kemur út í takmörkuðu upplagi og því eru áhugasamir hvattir til að tryggja sér eintak með því að senda tölvupóst með nafni og heimilisfangi á netfangið [sogufelag.arnesinga@gmail.com](mailto:sogufelag.arnesinga@gmail.com) eða [heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is](mailto:heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is). Einnig er hægt að panta eintak í síma 482-1259 hjá Héraðsskjalasafni Árnésinga. Verð bókarinnar er aðeins 1.980 krónur.

---

*Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands er prentað hjá Prentmet.  
Efni í fréttabréfið má senda á [njordur@hive.is](mailto:njordur@hive.is)*

---

---

**Áframsendið ekki!**  
Sagnfræðingafélag Íslands  
Hringbraut 121, 107 Reykjavík

---